

Verkefnisáætlun

Mennta- og menningarmálaráðuneytið			
Skrifstofa:	Skrifstofa mennta- og vísindamála	Málsnúmer:	MMR18080057
Heiti verkefnis :	Skýrsla um endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs.		
Dagsetningar		Núverandi staða verkefnis	
Upphaf verkefnis:	28/09/2018	<input checked="" type="radio"/> Í vinnslu	
Áætluð lok verkefnis:	21/06/2019	<input type="radio"/> Í bið	
Enda dagsetning *	16/08/2019	<input type="radio"/> Lokið	
Verkefni lokið	20/09/2019	<input type="radio"/> Hætt við verkefni	
Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft			
Markmið og lýsing verkefnis			
Markmið verkefnis			
Samfélagslegt markmið: Að endurskoðað fyrirkomulag á stjórnun vísinda, tæknimála og nýsköpunar sé skilvirkt og í samræmi við lofandi fyrirmyndir í samanburðarlöndum .			
Verkefnismarkmið: Að skýrsla verkefnishóps með tillögum að endurskoðuðu fyrirkomulagi sé afhent ráðherra á tilsettum tíma og í samræmi við kröfur sem settar eru um vandaðan undirbúning lagafrumvarpa.			
Lýsing verkefnis			
Tilurð: Á undanförunum árum hafa komið fram athugasemdir um að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum er varða umgjörð um vísinda-, tækni og nýsköpunarumhverfið. Á fundi Vísinda og tækniráðs 29. maí 2015 var lagt fram minnisblað frá formönnum starfsnefnda ráðsins þar sem m.a. er kallað eftir endurskoðun á lögum um ráðið og þáv. mennta- og menningarmálaráðherra og formaður ráðsins boðaði slíka endurskoðun á fundi ráðsins í mars 2017. Lögin um ráðið hafa ekki verið endurskoðuð frá árinu 2003 þegar þau voru sett og hefur verið bent á mikilvægi þess að fara yfir reynsluna sem nú er komin af fyrirkomulaginu og gera úrbætur ef þurfa þykir.			
Lýsing: Verkefnið er unnið samhliða núverandi endurskoðun á lögum nr. 3/2003 um stuðning við vísindarannsóknir en þau lög heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Fyrir liggja drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 3/2003 sem fela í sér breytingar á heimild Rannsóknasjóðs til að fjármagna þátttöku íslenskra rannsóknaenda í rannsóknarverkefnum sem hafa heimilisfesti í öðrum löndum, heimild til að gera áhrifamat á Rannsóknasjóði og breytingar á fyrirkomulagi Innviðasjóðs. Jafnframt er á döfni í mennta- og menningarmálaráðuneyti að setja á laggirnar verkefnishóp vegna endurskoðunar á ákvæðum er varða Rannsóknarmiðstöð Íslands í lögum nr. 3/2003, sbr. áform í fjármálaáætlun 2019-2023 málefna svið 22.3.			
Rétt er að hafa í huga að lög um vísinda-, tækni og nýsköpunarumhverfið heyra undir þrjú ráðuneyti (lög nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð undir forsætisráðuneytið, lög nr. 3./2003 um stuðning við vísindarannsóknir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og lög nr. 75/2007 um stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið). Lagafrumvörp um þessi efni voru samin á sama tíma og hugsuð sem heild. Skynsamlegt er því að horfa á þessi þrjú lög öll saman við gerð skýrslunnar.			
Afurð vinnunnar verður skýrsla sem fjallar um stöðu mála hérlendis , greinir frá fyrirkomulagi í samanburðarlöndum og inniheldur tillögur um framtíðarfyrirkomulag málaflokksins og mat á áhrifum þeirra tillagna .			
Fyrir liggja úttektir erlendar og innlendar er varða efnið , einnig samantektir og skýrslur frá síðustu árum sem hægt er að styðjast við sem og stefna Vísinda og tækniráðs frá síðasta ári sem unnin hefur verið í miklu samráði við hagsmunaaðila . Fyrirkomulag í öðrum löndum verður haft til hliðsjónar og þróun þess á síðari árum. Skýrsla um áhrif af fjórðu iðnbyltingunni sem væntanleg er, verður höfð til hliðsjónar, og haft verður samráð við nýskipaða framtíðarnefnd.			

Í samræmi við nýsamþykktar reglur um gerð stjórnarfrumvarpa er gert ráð fyrir því að í framhaldi af niðurstöðum skýrslunnar verði kynnt áform um lagasetningu enda liggur fyrir að lagabreytingar þarf til, sé ætlunin að gera breytingar á lögbundnu fyrirkomulagi. Einnig varðar væntanlegt lagafrumvarp sem skýrsla þessi mun byggja á fleiri en eitt ráðuneyti. Lagafrumvarp er sjálfstætt verkefni í framhaldi af skýrslunni.

Verkefnishópur <u>Hlutverk í verkefni</u>	<u>Nafn</u>
Verkefniseigandi	Menntamálaráðuneytið fyrir hönd forsætisráðherra, formanns Vísinda- og tækniráðs
Verkefnisstjóri:	Steinunn Halldórsdóttir, formaður samstarfshóps um málefni Vísinda- og tækniráðs.
Bakhjarl:	Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis
Þátttakendur:	Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar og fv. formaður vísindanefndar, formaður verkefnishópsins
Þátttakendur:	Ásdís Jónsdóttir teymisstjóri háskóla- og vísinda, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Þátttakendur:	Sigríður Valgeirsdóttir nýsköpunarsérfræðingur, atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneyti
Þátttakendur:	Heimir Skarphéðinsson lögfræðingur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
<p>Tímaáætlun , áfangaskipting</p> <p>Verkefnið felst í að undirbúa og skrifa skýrslu sem verður bakgrunnsgagn fyrir væntanlegt lagafrumvarp: Verkefnishópurinn hér að ofan uppfærir þessi drög að verk- og tímaáætlun í framhaldi af ræsfundi verkefnisins , ásamt hagsmunaaðilagreiningu en gert er ráð fyrir að hópurinn upplýsi reglulega eiganda verkefnisins og bakhjarl þess , ásamt hagsmunaaðila (þ.m.t. núverandi vísinda- og tækninefndir ráðsins, fulltrúa úr ráðuneytum sem skipa samstarfshóp um málefni Vísinda- og tækniráðs) um gang verksins.</p> <p>September 2018 verkefnishópur settur á laggirnar.</p> <p>Reglulegir fundir verkefnishóps frá október 2018 - janúarloka 2019 þar sem efni er safnað og unnið að skýrslu.</p> <p>Nýtt Vísinda- og tækniráð verður skipað frá 1. janúar 2019.</p> <p>Í lok febrúar/ fyrri hluta mars 2019 liggja tillögur fyrir .</p> <p>Mars- maí- 2019 skýrsla kynnt í starfsnefndum Vísinda- og tækniráðs og samstarfshópi um málefni Vísinda- og tækniráðs.</p> <p>Júní 2019- skýrsla og tillögur hennar afgreiddar í Vísinda- og tækniráði.</p> <p>Ágúst 2019. Frágangur verkefnis, ensk þýðing og efni sett á vef.</p>	
Kostnaðaráætlun Kostnaðarliður	Upphæð
Mögulegur aðkeyptur sérfræðikostnaður/ þóknun fyrir fulltrúa sem er utan ráðuneytis	1.500.000,00 krónur
Hönnun, framsetning skýrslu á vef og ensk þýðing	700.000,00 krónur
Samtals:	2.200.000,00 krónur

Aðrar athugasemdir og leiðbeiningar

Afurð er skýrsla til formanns Vísinda- og tækniráðs með tillögum að framtíðarfyrirkomulagi. Kostnaður vegna verkefnisins greiðist af forsætisráðuneyti.

Verkefnisáætlun uppfærð 21. 9. 2018 í samræmi við óskir forsætisráðherra.

Mat við lok verkefnis

Endurgjöf ráðherra sýni að skýrslan sé í samræmi við þær gæðakröfur sem lagt var upp með.